



**HAFNARFJÖRÐUR**

26.10. 2017  
Málsnr. 1706036

## **Grenndarkynning – Hafnarfjarðarbær**

### **Breyting á deiliskipulagi Hafnarfjörður miðbær, Austurgata 36.**

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 3.10.2017 að tillaga að deiliskipulagsbreytingu lóðarinnar að Austurgötu 36 í Hafnarfirði hljóti málsmeðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010 og að tillagan verði jafnframt grenndarkynnt skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi Hafnarfjörður miðbær.

Niðurrif núverandi húss hefur verið heimilað. Í deiliskipulagsbreytingunni felst að lóðarmörk við götu verða færð til þannig að þau verði samsíða götulínu, lóðarstærð minnkar því lítilsháttar. Jafnframt er byggingarreitur stækkaður og lagðar byggingarlínur fyrir nýtt hús á lóðinni. Mænishæð húss hækkar og nýtingarhlutfall lóðarinnar einnig. Sjá nánar á meðfylgjandi tillöguuppdráttum.

Deiliskipulagsbreytingin verður grenndarkynnt frá 01.11. til 13.12. 2017. Hægt er að skoða tillöguna á vef Hafnarfjarðarbæjar [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is). Jafnframt verður tillagan til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 8-10 og hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu Norðurhellu 2, frá 01.11. til 13.12. 2017. Nánari upplýsingar eru veittar á Umhverfis- og skipulagsþjónustu, Norðurhellu 2.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 13.12. 2017. Þeir sem ekki gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar.

Virðingarfyllst,

Guðrún Guðmundsdóttir

Arkitekt / skipulagsfræðingur

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar

netfang: gudrungud@hafnarfjordur .is

Hjálagt: Tillaga Helga Hafliðasonar arkitekts að breytingu á deiliskipulagi á lóð nr. 36 við Austurgötu, Hafnarfirði, dags. 02.10. 2017.